

## Minnisblað

Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um málefni heimilislausra dags. 17. ágúst 2018.

### Málefni heimilislausra

1. Hversu mörg stöðugildi eru ætluð í stjórnkerfi og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar til að sinna málefnum þess hóps sem hefur verið í umræðu fjölmiðla að undanförunu, þ.e. heimilislausra einstaklinga?

Í ráðgjafateymi eru fjögur stöðugildi sem sinna félagslegri ráðgjöf til fjölskyldna og einstaklinga í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og verklagsreglur Fjölskylduþjónustu.

2. eru einhver sértæk úrræði í boði í Hafnarfirði fyrir heimilislausra, svo sem gistiskýli?

Gistiskýli er ekki í staðsett Hafnarfirði en veitarfélagið gerði samning við Reykjavíkurborg í júní 2017 um greiðslu gistináttagjalds í neyðarathvörfum borgarinnar fyrir utangarðsfólk. Samningurinn felur það í sér að einstaklingar með lögheimili í Hafnarfirði fái aðgang að Gistiskýlinu á Lindargötu og í Konukoti á meðan húsrúm leyfir. Utangarðsfólk með lögheimili í Hafnarfirði hefur sama forgang að rýmum og reykvískir einstaklingar á meðan húsrúm leyfir. Markmið samningsins er að veita einstaklingum með lögheimili í Hafnarfirði neyðargistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að leita að laus á húsnæðisvanda þeirra. Öll þjónusta Gistiskýlis og Konukots er þeim að kostnaðarlausu.

3. eru einhver önnur sértæk úrræði í boði í Hafnarfirði fyrir heimilislausra, s.s. kaffistofur og súpueldhús?

Kaffistofa Samhjalpar er staðsett í Borgartúni 1a og er opin alla daga frá kl. 10-14. Þar er í boði morgunkaffi, meðlæti og heitur matur í hádeginu alla daga ársins. Reykjavíkurborg er helsti bakhjarl Kaffistofunnar og Samhjalp sér um reksturinn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir hafnfirðingar leita til Kaffistofunnar.

4. Er Hafnarfjarðarbær þátttakandi eða aðili að einhverjum þjónustusamningum við þriðja aðila, s.s. félagasamtök eða önnur sveitarfélög um þjónustu við fyrrgreindan hóp?

Hafnarfjarðarbær hefur styrkt verkefnið Frú Ragnheiður – skaðaminnkun, sem er verkefni á vegum Rauða krossins. Markmið verkefnisins er að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu eins og heimilislausra einstaklinga og einstaklinga í neyslu.



**HAFNARFJÖRÐUR**

*5. Hversu mikil útgjöld eru áætluð í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna úrræða og þjónustu við fyrrgreindan hóp?*

**Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar eru útgjöld ekki aðgreind vegna úrræða og þjónustu við þennan hóp.**

**Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri.**